

að brjóta mikillæti sitt, sem í raun og sannleika er smálæti, til þess að geta notið eðlilegra happadíýgra lífs, og orðið að sannari maður. Það er margur, sem vill frekar velja auð en manndóm. Það er margur, ef honum býðst staða, þótt hún útheimti það, að henn gangi fram hjá öllu því aðsta og háleitasta, sem í sálu hans býr, er velur hana heldur, vegna þess hún veitir efnin, sem aftur veita nautn. Líður mér ekki betur, segir margur, ef eg hefi nóga peninga, þótt eg verði að verja öllum mínum vökustundum fyrir þá, heldur en að hafa knappan mála og geta gefið mig við því, sem efst í sálu minni býr? Peningarnir skapa vini, vinirnir skapa orðstírr, orðstírr skapar virðingu og met,— eins og sézt með hann . . . . læknirinn eða prestinn, landsalann eða kaupmanninn eða lögmanninn. Konur þeirra eru meiri hefðarkonur, af því þeir eiga meiri peninga, þær sitja ofar í samkvæmum, er oftar vitnað til vitleysunnar, sem þær hafa sagt, en hinna, er ekki eiga jafnstért bú.

Eg veit það er hugraun, kæru vinir, að hugsa til þeirra hluta, en til hvers á að lifa? Til hvers er þá lífið? Og athugum þá, sem hafa farið í kringum, og sezt í hásæti tildurmenskunnar. Við hvað geta þeir skemt vinum um kveldstundir eða daga, þegar menn eru orðnir þreyttir á mat og þreyttir á sætu víni? Ef skemtunin á að vera af æðra tagi, er þá ekki jafnan farið til meistaranna, sem ekki lærðu að fara utan við, í kringum torfærurnar, er liggja á leiðinni til hins æðra og fullkomnara lífs,— og lifað þá í orðum þeirra og athöfnum? Myndirnar sem málararnir hafa málað með skrúðlitum síns eigin hjartablöðs, kvæðin, sem skáldin hafa kveðið um náturstundir mótlætis og örvaentinga, sagnir, sem lýsa lífsstríði mannkynsins göfugstu sona. Til þessa er leitað eftir æðri saðningu frá matarborðum þess ríka, frá rjúkandi réttunum og glóandi vínskálum. Á frainstofuborðunum hvílir „Hið nýja testamenti drottins vors Jesú Krists“, hið nýja testamenti hans, sem aldrei fékk heimili í svona sal, átti ekki fé, og var krossfestur á Golgatha, hans, er aldrei fór í kringum sannleikann. Það er undarlegt, að lífið í höllinni er tómt og kalt og dautt án meistaranna, er dóu úr hungri eða fyrir vanrækt eða ofskónir eða þrengingu, og